

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er sumarfríið á enda og nýtt skólaár að hefjast. Við bjóðum nýja nemendur, foreldra og forráðamenn velkomna í hópinn og hlökkum til samstarfsins í vetur. Skólakynning verður fyrir nemendur og foreldra á fimmtudaginn 22. ágúst kl. 8:30 í Mörkinni. Skólasetning verður svo á skólalóðinni sama dag kl. 16:15.

Skólinn hefst svo stundvíslega samkvæmt stundaskrá klukkan 8:30 föstudaginn 23. ágúst.

1. bekkur kemur inn í anddyri Nes og 2. bekkur kemur inn í anddyri hjá íþróttasal. Þar verða merktir snagar þar sem nemendur hengja af sér yfirhafnir og ganga frá skóm. Skólataskan fer í merkt hólfi í töskuskáp sem er framan við kennsluvæðin/heimastofur.

Í vetur eru 6 umsjónarhópar. Nemendur mæta í sína heimastofu í upphafi dags en stofurnar heita Reykjavík og Suðurvellir. Lista með nöfnum barnanna og umsjónarkennara má finna fyrir utan stofurnar þegar börnin mæta 23.ágúst.

Fyrstu dagarnir fara í að kynna hvert öðru og aðlagast skólastarfinu í leik og starfi.

Skóla lýkur 13:30 alla daga vikunnar. Þau börn sem eru skráð í Klapparholt eftir skóla fara beint þangað en aðrir nemendur fara heim.

Minum foreldra á að klæða börnin ávallt samkvæmt veðri.

Mikilvægt er að borða hollan og góðan morgunverð áður en nemendur mæta í skólann. Skráning í ávaxtastund og mat í skólanum fer fram á síðunni Vala skólamatúr (matur.vala.is/umsokn).

Hlökkum til samstarfsins með ykkur í vetur.

Bestu kveðjur, 1. og 2. bekkjarteymið.



Umsjónarkennarar (sjá mynd):

Frá vinstri: Linda H. Þórðardóttir, Ágústa B. Svavarsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, María T. Yngvinsdóttir og Unnur B. Stefánsdóttir.

Á myndina vantar Belindu Ý. Hilmarsdóttur.

Sérkennari: Lilja Bjarnþórsdóttir.

Fjölmenningarkennari: Guðrún Sveinbjörnsdóttir.

Stuðningsfulltrúar: Cherie og Flóki.